



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Kópavogi 27. ágúst 2010

Efni: Umsögn Læknafélags Íslands um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn.

Stjórn Læknafélags Íslands vill ítreka þá skoðun sína við Heilbrigðisnefnd Alþingis að hún telji varhugavert út frá hagsmunum sjúklinga að fella sérstök lög um lækna úr gildi. Læknalög kveða nú skýrt á um ábyrgð læknis, skyldur hans, sérstöðu og réttindi og vill félagið leggja ríka áherslu á mikilvægi þeirrar skilgreiningar.

Fyrsta ósk Læknafélagsins er því sú að núverandi læknalögum verði bætt inn í lagafrumvarpið sem sérstökum kafla.

Sé ekki meirihluti nefndarmanna fylgjandi því þá leggur Læknafélagið fram tillögur um breytingar á 7 greinum núverandi frumvarps, þ.e. í 8.gr., 10.gr., 11.gr., 13.gr., 20.gr., 23.gr. og 24.gr.

8. gr.

Skilyrði fyrir veitingu sérfræðileyfis.

Ráðherra getur kveðið á um löggildingu sérfræðigreina innan löggiltrar heilbrigðisstéttar með reglugerð, að höfðu samráði við landlækni, viðkomandi fagfélag og menntastofnun hér á landi. Við löggildingu nýrra sérfræðigreina skal einkum litið til hagsmuna sjúklinga.

Í reglugerð um veitingu sérfræðileyfis skal kveðið á um þau skilyrði sem uppfylla þarf til að hljóta leyfi til að kalla sig sérfræðing innan löggiltrar heilbrigðisstéttar og starfa sem slíkur hér á landi. Miðað skal við að lokið hafi verið formlegu viðbótarnámi á viðkomandi sérfræðisviði. Í reglugerð skal m.a. kveðið á um það sérfræðinám sem krafist er til að hljóta sérfræðileyfi og um starfsþjálfun, sé gerð krafa um hana. Enn fremur skal kveðið á um í hvaða tilvikum skuli leitað umsagnar menntastofnunar eða annarra aðila um það hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um sérfræðinám.



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Áður en sérfræðileysi í læknisfræði skv. 7.gr. er veitt skal leita umsagnar ...¹⁾ nefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og í eiga sæti einn fulltrúi Læknafélags Íslands og tveir fulltrúar læknadeildar Háskóla Íslands og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Við setningu reglugerða skv. 1. mgr. skal gætt skuldbindinga sem íslenska ríkið hefur tekið á sig vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða á grundvelli annarra gagnkvæmra samninga, sbr. 29. gr.

10. gr.

Óheimil notkun starfsheitis.

Þeim sem ekki hefur fengið til þess leyfi landlæknis er óheimilt að nota löggilt starfsheiti eða starfa sem slíkur. Honum er jafnframt óheimilt að veita sjúklingi meðferð sem fellur undir lögverndað starfssvið löggiltrar heilbrigðisstéttar, gefa læknisfræðilegar eða aðrar faglegar ráðleggingar.

Einungis þeir sem hafa lækningaleyfi mega ávísa lyfjum.

Hvers konar skottulækningar eru bannaðar hér á landi. Það eru skottulækningar er sá sem ekki hefur leyfi samkvæmt lögum þessum býðst til þess að taka sjúklinga til lækninga, gerir sér lækningar að atvinnu, auglýsir sig eða kallar sig lækni, ráðleggur mönnum og afhendir þeim lyf sem lyfsalar mega einir selja.

11. gr.

Tímabundið starfsleyfi.

Landlæknir má, ef nauðsyn krefur, veita þeim sem lokið hafa a.m.k. 2/3 hlutum fullgilds náms í tiltekinni grein heilbrigðisfræða tímabundið starfsleyfi til að sinna tilteknum störfum í heilbrigðisþjónustu enda uppfylli viðkomandi önnur skilyrði laga þessara.

Landlækni er heimilt að gefa út tímabundið starfsleyfi til heilbrigðisstarfsmanna með erlent nám eða próf, sem er viðurkennt samkvæmt samningum sbr. 29. gr. en uppfyllir ekki kröfur hér á landi.

Landlækni er enn fremur heimilt að gefa út tímabundið starfsleyfi til heilbrigðisstarfsmanna með erlent próf eða nám frá ríki þar sem ekki er í gildi samningur um gagnkvæma viðurkenningu prófskirteina.

Sá sem starfar með slíkt tímabundið leyfi skal njóta aðstoðar og leiðsagnar heilbrigðisstarfsmanns sömu stéttar með fullgild starfsleyfi.

Handhafi tímabundins starfsleyfis skal starfa undir stjórn og eftirliti heilbrigðisstarfsmanns sem hefur ótímabundið starfsleyfi í viðkomandi grein heilbrigðisfræða.

Víkja má frá ákvæði 4. mgr. telji landlæknir sérstakar ástæður mæla með því.

Nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis skal setja með reglugerð.

Forn



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

13. gr.

Faglegar kröfur.

Heilbrigðisstarfsmaður skal sýna sjúklingi virðingu og sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku og í samræmi við faglegar kröfur sem gerðar eru á hverjum tíma.

Heilbrigðisstarfsmanni ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni, tileinka sér nýjungar er varða starfið og kynna sér lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisþjónustu á hverjum tíma.

Læknir getur við störf sín notið aðstoðar annars heilbrigðisstarfsfólks að svo miklu leyti sem slíkt er nauðsynlegt og forsvaranlegt vegna hæfni þess og sérkunnáttu. Starfar það þá á ábyrgð læknis.

Heilbrigðisstarfsmaður ber, eftir því sem við á, ábyrgð á greiningu og meðferð sjúklinga sem til hans leita. Um upplýsingaskyldu heilbrigðisstarfsmanns gagnvart sjúklingi fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

Heilbrigðisstarfsmaður skal virða faglegar takmarkanir sínar og vísa sjúklingi til annars heilbrigðisstarfsmanns ef ætla má að hann sé hæfari til að veita honum viðeigandi heilbrigðisþjónustu.

Ráðherra er heimilt að kveða á um endurmenntun heilbrigðisstarfsmanna í reglugerð.

20. gr.

Um lyfjaávisanir og lyfjakaup.

Um lyfjaávisanir þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem hafa lækningaleyfi og heimild til kaupa í heildsölu á tilteknum nauðsynlegum lyfjum til reksturs starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns fer samkvæmt lyfjalögum og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum.

23. gr.

Hófsemi.

Heilbrigðisstarfsmanni er óheimilt að lána nafn sitt ákveðinni heilbrigðisstarfsemi nema hún fari að fullu fram á hans ábyrgð samkvæmt ráðleggingum hans og undir eftirliti hans.

Heilbrigðisstarfsmenn skulu gæta þess við veitingu heilbrigðisþjónustu og framkvæmd starfa sinna að sjúklingar, sjúkratryggingar eða aðrir sem standa straum af kostnaði vegna hennar verði ekki fyrir óþarfa útgjöldum eða óþægindum.

24. gr.

Kynning og auglýsingar.

Heilbrigðisstarfsmaður hlýðir að birta nýjungar í fræðigreini sinni með mikilli gát, hann skal gæta fyllstu varkárni í ummælum um fagleg mál og hann skal íhuga ábyrgð sína í því efni, hvort sem hann ræðir við einstakling eða á opinberum vettvangi.

Heilbrigðisstarfsmaður skal tryggja, þegar fjölmiðlar leita til hans, að ekki sé annað eftir honum haft en það, sem hann telur sér sambodíð að efni og formi.



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Við kynningu á heilbrigðisþjónustu skal veita nákvæmar og áreiðanlegar upplýsingar og hafa öryggi þeirra að leiðarljósi sem leita eftir þjónustunni. Kynni heilbrigðisstarfsmaður sjálfan sig og starfsemi sína á vefsíðum eða með öðrum hætti skal hann birta siðareglur sínar með aðgengilegum hætti.

Heilbrigðisstarfsmaður má ekki gefa fyrirheit um undralækningar né heldur gefa í skyn, að honum séu kunn lyf eða lækningaaðferðir, sem ekki séu á vitorði heilbrigðisstarfsmanna almennt. Heilbrigðisstarfsmaður skal og fordást ummæli, sem geti skapað óþarfan eða óréttlæt看legan ótta við sjúkdóma eða örökstudda vantrú á læknisstarfi.

Heilbrigðisstarfsmanni er ósæmandi að vekja á sér ótilhlýðilega athygli eða gefa í skyn yfirburði sína yfir aðra heilbrigðisstarfsmenn með því að hampa eða láta hampa menntun sinni, þekkingu, hæfni, afrekum, aðferðum eða vinsældum, hvort heldur er í auglýsingum, á vefsíðum, í viðtölum, blaðagreinum, ritgerðum, fyrirlestrum, útvarpserindum, sjónvarpi eða á annan hátt.

Heilbrigðisstarfsmaður má ekki veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti, og afla sér viðskipta með öðrum ótilhlýðilegum aðferðum.

Heilbrigðisstarfsmaður má ekki leyfa notkun á lærdómstitli sínum í auglýsingum um lyf, sjúkravörur eða neinn þann varning, sem talinn er lækna eða koma í veg fyrir sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni.

Heilbrigðisstarfsmaður skal gæta þess í ræðu og riti að haga umfjöllun sinni um lyf og sjúkravörur með þeim hætti að hún verði ekki álitin fela í sér auglýsingu. Ummæli heilbrigðisstarfsmanns um lyf eða sjúkravörur í faglegu samhengi, í greinum eða fyrirlestrum, teljast ekki auglýsingar, enda fela þau ekki í sér ágóðavon.

Virðingarfyllst

f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir, formaður